



Seltjarnarnesi, 30. júní 2021

Heilbrigðisráðuneytið
Skrifstofa innviða heilbrigðisþjónustu
105 Reykjavík

Efni: Drög að (1.) breytingu að reglugerð um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja.

Mál nr. 123/2021

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) fagnar því að þeir sem ekki geta veitt öðrum umboð til þess að leysa út lyfin þeirra, öðlist með breytingunum betra aðgengi að sínum lyfjum.

LFÍ telur að ekki ætti að takmarka heimild til umboðsveitingar við staðfestingu sérfræðilæknis um að viðkomandi geti ekki sótt sín lyf eða veitt umboð sjálfur.

LFÍ telur einnig að afhendingarumboð sé ekki nægilegt til þess að umboðshafi geti sinnt því hlutverki að sækja lyf fyrir aðra, upplýsingaumboð geti í mörgum tilfellum verið nauðsynlegt til þess að tryggja að rétt lyf sé sótt hverju sinni. Annað getur leitt til sóunar (lyf sótt sem ekki er þörf á) og verri meðferðarheldni (rétt lyf ekki aðgengilegt þegar þörf er á).

Virðingarfyllst,
f.h. Lyfjafræðingafélags Íslands,

Inga Lilý Gunnarsdóttir, lyfjafræðingur
Formaður LFÍ